



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 31. janúar 2021.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, skjalaritari
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
150 Reykjavík

nefnasvið@althingi.is

Umsögn: Frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur kynnt sér frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð. Eftir vandlega skoðun á frumvarpinu, sem er mjög ítarlegt, gerir félagið sérstaklega athugasemdir við eftirfarandi atriði.

A) Í 3. gr. frumvarpsins leggur félagið til að bætt verði við einu markmiði og hljóði það svo:

11. Heimil verði uppgræðsla og skógrækt á svæðum þar sem nauðsynlegt er að stuðla að jarðvegsbindingu og hamla uppblæstri jarðvegs.

Nánari skýring: Samkvæmt vísindamönnum er ástand jarðvegs á stórum hluta fyrirhugaðs þjóðgarðs í mjög alvarlegu ásigkomulagi. Má í þessu sambandi benda á skýrslu Landgræðslu ríkisins og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, Jarðvegsrof á Íslandi frá árinu 1997. Sjá: i, þá ii, og iii.

Upptök uppblásturs og jarðvegseyðingar er fyrst og fremst að finna á hálendi og hálendisbrún landsins og má þá hnignun gróðurfars og jarðvegs fyrst og fremst rekja til ániðslunnar sem hófst með landnámi Íslands á 9. öld e.Kr.. Það er því ljóst hafi Ísland einhverjar skyldur og metnað í því sambandi, þá er nauðsynlegt að geta brugðist við á svæðum innan fyrirhugaðs þjóðgarðs. Uppgræðsla með fjölbreyttum trjágóðri er öflugasta og varanlegasta vörnin gegn

upplæstri enda var áður fyrr stór hluti hálandis þakinn birkiskógi, birkikjarri og, eftir því sem ofar dró á hálandinu, lynglendi.

B) Í 22. gr. Hefðbundnar nytjar.

Með því ákvæði er leitt í lög fáránlegt ákvæði um búfjárbætur. Það kemur reyndar ekki á óvart þar sem engin tilraun eða vilji hefur verið til að hefja beit eða stýra henni í núverandi þjóðgörðum.

Það er ótrúlegt að ekki sé með nokkrum hætti reynt að takmarka og koma í veg fyrir rányrkju á hálandinu sem með engum hætti þolir slíkt álag á sama tíma og nægar lendur eru á láglendi þar sem hægt væri að fódra sauðfé það sem nú er rekið árlega á fjall.

Kort Grólindar sýnir vel að ástand íslenskra beutilanda er dapurlegt. Samkvæmt mati Grólindar fer tæplega 30% sauðfjárbætur fram í verst farna landinu og tæplega 40% í tveimur verst förn flokkunum. Stærstur hluti verst farna landsins er að finna innan fyrirhugaðs Hálandisþjóðgarðs.



Til fróðleiks er hér vísað í eina vísindagrein eftir Sigurð H. Magnússon, Áhrif beitar á grónu landi og gildi beitarstýringar. Sjá tilvísun ^{IV}.

Einnig má benda á yfirlitsmikla grein Ólafs Arnalds, Ástand lands og hrun íslenskra vistkerfa, frá árinu 2020. Sjá tilvísun ^V.

C) Í stuttu máli að skoðun stjórnar Skógræktarfélagss Íslands sýni, að meðan ekki er tekið af alvöru á mikilvægum málum hvað varðar beit og uppgræðslu, verði Hálandisþjóðgarður

hvorki fugl né fiskur. Hún verði einungis minnisvarði um tæplega tólf alda ósjálfbæra nýtingu Íslendinga á hálendi sínu.

Hálendisþjóðgarði er ætlað að taka til þjóðlenda sem eru í raun í eigu íslenska ríkisins og þar með í eigu þjóðarinnar. Hér er um gríðarlega mikið landflæmi að ræða og ná þjóðlendur víða niður á mörk láglandis þar sem hægt er að rækta nytjaskóga í þágu næstu kynslóða.

Þjóðgarður með núverandi skipan mála gerir það væntanlega ómögulegt. Skv. 5 gr. frumvarpsins, er m.a.s. sett inn heimild til að taka land það eignarnámi sem liggur utan marka Hálendisþjóðgarðs („Ríkissjóði er, að tillögu Hálendisþjóðgarðs, heimilt, eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa, að kaupa fasteign, mannvirki og nytjaréttindi innan þjóðgarðsins *eda í næsta nágreppi við hann.*“) Það er því álit Skógræktarfélags Íslands, sem lengi hefur leitað logandi ljósi eftir landsvæðum til skógræktar á þjóðlendum, að hér hafi verið færst um of í fang.

Draumurinn um hinn risastóra þjóðgarð sé með margvíslegum hætti óraunhæfur og hafi jafnvel hamlandi áhrif á framtíðaruppbyggingu, m.a. á skógrækt og önnur atvinnutækifæri, þegar til lengri tíma er litið. Enn fremur geri stofnun Hálendisþjóðgarðsins þjóðinni erfiðara fyrir að ná markmiðum í loftslagsmálum, ef búið verður svo um hnútana, að ekki megi binda kolefni á þjóðlendum og stórum hluta af flatarmáli Íslands með markvissum og skilvirkum hætti. Ekki megi líta á að samasemmerki sé milli þjóðlendu og þjóðgarðs, né milli stofnunar þjóðgarðs og umhverfisverndar.

Undirritaðir eru reiðubúnir að reifa umsögnina enn frekar sé þess óskað.



Jónatan Garðarsson,
formaður



Brynjólfur Jónsson,
framkvæmdastjóri

Tilvitnanir:

ⁱ <http://k-sql.lbhi.is/desert/ja%C3%B0rvegsrof%20%C3%ADslenska.pdf>

ⁱⁱ

https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/rit_lbh%C3%8D_nr_130_%C3%81standsrit.pdf?fbclid=IwAR0iCx4gp-aSO-wiL4KGg_v5PgKPORFOIGOAGeFGU6S_5LNp57Hzpbd43Ag

ⁱⁱⁱ <https://grolind.is/kortavefsja/?fbclid=IwAR0GolndzvLzeqzO9r35YFEgmatPe9B2sJc3GJmaDcYHPi4lh0e-g96XZhl>

^{iv}

<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/6d3d18e301de1f5e0025768c00561c33/59a00fd6b31ab96>

[c002574790035f3f4/\\$FILE/%C3%81hrif%20beitar%20%C3%A1%20I%C3%ADtt%20gr%C3%B3nu%20landi.pdf](c002574790035f3f4/$FILE/%C3%81hrif%20beitar%20%C3%A1%20I%C3%ADtt%20gr%C3%B3nu%20landi.pdf)

^v https://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit_lbhi_nr_130_0.pdf